

Viðbrögð vegna takmörkunar á skólastarfi vegna farsóttar

Kæru foreldrar og forráðamenn

Krummakot er opið á morgun 16.mars frá kl:7:45 - 13:00

Eins og allir vita eru sérstakir tímar og landsmenn allir eru samstíga í því að takmarka útbreiðslu og hægja á COVID-19 útbreiðslunni.

Skólastjórnendur skólanna í sveitinni, sveitastjóri og sveitastjórnarfolk hefur fundað um helgina og útbúið aðgerðaráætlun fyrir næstu vikur.

Skólar starfa nú samkvæmt viðbragðsáætlunum sínum og bregðast við aðstæðum með hliðsjón af fyrirmælum sóttvarnalæknis og almannavarna. Mikilvægt er að nemendur, foreldrar og forráðamenn geri það einnig.

Hingað til hefur verið brugðist við með ýmsum hætti og fylgt tilmælum almannavarna hverju sinni. Lögð hefur verið aukin áhersla á handþvott, sérstaklega fyrir alla málsverði, eftir útiveru og þegar nemendur hafa verið í mikilli nánd hver við annan (t.d. í danstímum). Stöðugt er verið að leiðbeina og minna nemendur á vandaðan handþvott með sápu og sprittílát er að finna víðsvegar um skólann. Í matsal hafa kennarar séð um að skammta mat og afhenda mataráhöld. Þrif hafa verið aukin og helstu snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega.

Nú hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að takmarka verði skólastarf tímabundið til að hægja á útbreiðslu COVID-19. Í auglýsingunni (sem hægt er að nálgast á <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/13/Takmarkanir-a-samkomu-og-skolahaldi-til-ad-haegja-a-utbreidslu-Covid-19/>) segir í 3. gr.:

Leikskólar

Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum að þeim skilyrðum uppfylltum að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Þessum takmörkunum þarf að bregðast við með ýmsum aðgerðum svo hægt sé að halda skólanum opnum. Reynt verður að lágmarka röskun eins og hægt er en við biðjum ykkur þó að kynna ykkur vel þær breytingar sem ekki verður komist hjá að gera.

- Styttu þarf opnunartíma leikskólans og verður hann opinn 7:45 - 16:15 til að tryggja hægt sé að taka á móti hópum á hverri deild fyrir sig og koma þannig í veg fyrir blöndun milli hópa í upphafi og lok dags.
- Takmarka þarf aðgengi að leikskólanum og því má aðeins einn aðili koma með og sækja nemanda (æskilegt að það sé alltaf sá sami) og tekið verður á móti nemendum í forstofum en ekki inni á deildum.
- Enginn samgangur verður milli deilda og innan deilda verður nemendum skipt niður í smærri hópa megnið af deginum.
- Nemendur á Furu og Björk munu borðar allar máltíðir inni á sinni deild. Nemendur á Víði munu borða morgunmat inni á sinni deild og í hádegi borða nemendur á Víði og Eini í matsalnum í tveimur aðskildum hópum.
- Aðeins verður ein deild á útisvæði á lóð í einu, hópar munu ekki mætast í forstofum og hvíld yngstu nemenda verður aðlöguð hópaskiptingum.
- Samgangur á milli skólastiga verður enginn á tímabilinu og því falla niður skólaheimsóknir elstu nemenda, ferðir í íþróttahúsið og á bókasafnið.
- Þá mun tónlistarkennsla Mæju og danskennsla Elínar falla niður á tímabilinu.

- Söngsalur með öllum nemendum leikskólans og söguaðferð hjá Björk og Víði falla einnig niður á tímabilinu.
- Þrif og sóttthreinsun verður aukin enn frekar og tíðni þrifa gerð sýnileg með gátlistum.

Frekari og nánari upplýsingar liggja fyrir eftir starfsmannafundinn á morgun.

Ef kemur til veikinda nemenda eða starfsmanna þá eru tilmæli til okkar að loka skólanum, tilkynna til 1700 og vinna síðan áætlun út frá því. Þá verður skoðað með hverjir fara í sóttkví.

Mikilvægt er að við hjálpumst öll að við þetta stóra og sérstaka verkefni og höfum alltaf velferð og líðan barnanna að leiðarljósi.

--

Kær Kveðja

Erna Káradóttir
Skólastjóri á Krummakoti